

**Nd.**

**330. Frumvarp**

til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

48. gr. laganna orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 3 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þó mega laun hans eigi nema meiru en 190 kr. og ekki minnu en 60 kr. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

2. gr.

76. gr. laganna orðist þannig:

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga og ferðakostnað úr sýslusjóði

6 kr. hvern dag, frá því er hann fer að heiman á sýslufund til þess er hann kemur heim aftur.

3. gr.

Laun hreppsnefndaroddvita um fardagaárið 1917—18 skulu reiknuð að öllu leyti samkvæmt ákvæðum 1. gr.